

Nd.

589. Nefndarállt

um frv. til laga um lærða skólann í Reykjavík.

Frá minni hluta mentamálanefndar.

Minni hluti nefndarinnar er mótfallinn því, að frv nái fram að ganga.

Fyrst og fremst er minni hlutinn ósammála um það atriði, að rjettara að breyta því skólakerfi, sem nú er, í verulegum atriðum. Hann telur rjettara að hver skólinn risi upp af öðrum, alt frá barnaskólum og upp úr, þótt breyta mætti um aukaatriði, t. d. að gagnfræðapróf nægði að eins sem inntökuskilyrði í 3. bekk mentaskólans. Það er fyrirsjáanlegt, að ef frumv. þetta næði fram að ganga, þá mundi sterk alda risa á móti því, þar sem það er öllum vitanlegt, að allir yngri stúdentar eru eindregið mótfallnir breytingunni. Mætti því búast við, að þessu yrði breytt þegar á næstu þingum. En öllum hlýtur að vera það ljóst, að mjög óheppilegt er, að tíðar breytingar sjeu á skólalöggjöf.

Minna má á í þessu sambandi, að svipuð skólaskipun og nú er á landi hjer viðgengst alstaðar á Norðurlöndum.

Í sambandi við þann stórfelda sparnað, sem meiri hluti nefndarinnar telur að yrði við þá breyttu skólaskipun, mætti spyrja um það, hvort ódýrara mundi fyrir landið að reisa nýjan gagnfræðaskóla fyrir Reykvikinga, og kosta hann síðan.

Önnur grundvallarbreyting, sem frv. þetta gerir ráð fyrir, er latinukunnátta sem inntökuskilyrði í skólanu. Minni hlutinn telur þessa breytingu spor í áttina til úrelts, óhyggilegs skólafyrirkomulags.

Fyr á tímum, þegar lærðir skólar voru í raun rjettri ekki annað en undirbúningsskólar fyrir presta, og næstum ekkert var kent þar annað en latina og guðfræði, þá var eðlilegt, að latina væri inntökuskilyrði. Nú þegar öðrum fræðum, svo sem t. d. náttúruvísindum, hefir fleytt jafnmikið fram og verið tekin upp til kenslu, þá er eðlilegt, að dautt mál eins og latina þoki að minsta kosti sem undirbúningslærdómsgrein.

Minni hlutinn neitar því ekki, að latinunámið þroski nemendur, en það eru fleiri námsgreinar, sem segja má sama um og virðist standa nær oss að nema; má þar til nefna móðurmálið, sem er litlu auðveldara, að því er málfræði snertir, en latina, en eins og kunnugt er ágætlega fallið til að skýra og þroska hugsun. Þá má og til nefna stærðfræði.

Þvi er slegið fram órökstuddu í nefndaráli meiri hlutans, að móðurmalsþekking stúdenta þeirra, sem útskrifast hafa eftir núverandi skólafyrirkomulagi, sje minni en áður, og kent um tvískifting kenslunnar. Minni hlutinn telur þessa ástæðu fjarstæðu, en sje svo, að kenslu í íslensku sje ábótavant, virðist einsætt að bæta hana og auka.

Meiri hlutinn telur, að andlegur þroski og þekking stúdenta sje minni eftir að tvískiftingin var upp tekin. Minni hlutinn efast um það, en væri svo, stafaði það aðallega af því, að nú koma nemendur yfirleitt miklu yngri og óþroskaðri í skóla en meðan gamla skólaskipunin var.

Minni hlutinn telur tvískiftinguna engan veginn aðalorsök þess, að aðsókn að mentaskólanum hefir aukist á síðari árum, heldur vaxandi fróðleiksfýsn og sjerstaklega breytingu þá, sem ófriðarárin hafa yfirleitt haft á efnahag manna og aukning íbúatölu Reykjavíkur. Hinu er minni hlutinn samþykkur, að æskilegt væri að takmarka tölu þeirra, sem ganga mentavegin, en hann telur hyggilegra að þyngja prófin með aukinni kenslu í öðrum námsgreinum, sem hagnýtari eru en latina.

Minni hlutinn telur ekki hyggilegt að nota latinunámið eins og grýlu til að fæla menn frá því að ganga mentavegin.

Eftir því sem undan er gengið má vænta þess, að Alþingi muni bráðlega taka til yfirvegunar allt skólakerfi landsins, og þá um leið kostnaðarhlið málsins, og leggur því minni hlutinn til, að frv. verði að þessu sinni afgreitt með svofeldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem landsstjórnin hefir við umræður um frv. til laga um mentaskóla á Akureyri heitið að leggja fyrir næsta þing tillögur um skólamál lands-

ins, telur deildin ekki tímabært að taka nú þegar fullnaðarákvörðun um hinn almenna mentaskóla einan, og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 7. maí 1923.

Þorsteinn Jónsson,
formaður.

Gunnar Sigurðsson,
ritari og frsm.